

Hreppsnefnd Langanesbyggðar kom saman til fundar mánudaginn 1. september 2008 kl. 17:00 félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, oddviti, Jóhanna Helgadóttir, Hulda Sigurðardóttir, Nanna St. Rögnvaldsdóttir, Ágúst Marínó Agústsson, Heiðrún Óladóttir, Sigurður Jóhannes Jónsson og Björn Ingimarsson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Áður en gengið var til dagskrár minntist formaður Marínós Jónssonar, fulltrúa í hreppsnefnd, er lést að kvöldi sunnudagsins 24. ágúst sl.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd 03.07.08 (lögð fram)
- Byggðaráð 06.08.08 (lögð fram)
Sveitarstjóri lagði fram til staðfestingar samning við Björgvin Axel Gunnarsson en samkvæmt honum mun viðkomandi koma til starfa 01.11.08. Framlagður samningur var samþykktur samhljóða.
- Fræðslu- og menningarnefnd 19.08.08
Fundargerð samþykkt samhljóða.
- Íþrótt- og tómstundanefnd 28.08.08
*Samþykkt að auglýsa að nýju starf íþrótt- og tómstundafulltrúa laust til umsóknar. Áhersla lögð á að auglýst verði á vefsíðu íþróttakennara, Morgunblaðinu eða sambærilegum miðli.
Fundargerð samþykkt samhljóða.*
- Hafnarnefnd 28.08.08
Fundargerð samþykkt samhljóða.
- Landbúnaðarnefnd 28.08.08
*Sveitarstjóra falið að koma áherslum Landbúnaðarnefndar á framfæri við Vegagerðina auk ítrekunar á fyrri óskum varðandi veggirðingar á milli Bakkafjarðar og Þórshafnar með nánari útlístan á þeim árangri er slíkri framkvæmd er ætlað að skila.
Fundargerð samþykkt samhljóða.*
- Fjallskiladeild eystri og vestri 28.08.08
Fundargerð samþykkt samhljóða.
- Fræðslu- og menningarnefnd 28.08.08
Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- AÐ – Stjórnarfundur 20.05.08 (lögð fram)
- AÐ – Aðalfundur 21.05.08 (lögð fram)
- AÐ – Stjórnarfundur 21.05.08 (lögð fram)
- MMP – Aðalfundur 21.05.08 (lögð fram)
- AÐ – Stjórnarfundur 29.05.08 (lögð fram)
- Eyþing – stjórnarfundur 09.07.08 (lögð fram)
- AÐ – Stjórnarfundur 10.07.08 (lögð fram)

3. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína.

4. Innsend erindi

Til kynningar:

- Varasjóður húsnæðismála – Kynningarbréf dags. 06.06.08
- Skipulagsstofnun – Deiliskipulag fyrir einstakar lóðir
Samþykkt að senda úrskurðinn USB-nefnd til kynningar.
- Íshröngl – Hugleiðingar um meðferð á brennanlegum úrgangi á Austurlandi

Samþykkt að senda hugleiðingar Íshröngls USB-nefnd til kynningar.

- Samband íslenskra sveitarfélaga – Allsherjarþing Evrópusamtaka sveitarfélaga 2009
- Orkusjóður – Jarðhitaleitarátak 2008 – 2010 – Sérstakt átak vegna aflasamdráttar

Til afgreiðslu:

- Alþjóðahús – Styrkbeiðni vegna útlendingaútlags
Erindinu hafnað með vísan til þess að unnið er að stefnumótunarvinnu fyrir sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum og á Eyjaþjardarsvæðinu varðandi nýbúamál. Með hliðsjón af niðurstöðu þeirrar vinnu m.a. verður tekin afstaða til þess hvernig fjámunum verður varið í framtíðinni varðandi þessi mál.
- Helga raket Guðrúnardóttir – Styrkbeiðni vegna lokaverkefnis
Samþykkt samhljóða að mæla með því við stjórn Fræs ehf. að verkefnið verði styrkt um kr. 100.000,- .
- Vin Þorsteinsdóttir – Styrkbeiðni vegna þýðingarverkefnis
Erindinu vísað til félags- og skólaþjónustu Þingeyinga, fræðslu- og menningarnefndar og skólastjóra grunnskólanna til umsagnar.
- Ísfélag Vestmannaeyja – Aflagjöld
Erindinu vísað til hafnanefndar Langaneshafna til afgreiðslu.
- Flugstöðir ohf. – Tímabundið stöðuleyfi fyrir rafstöð á Þórshafnarflugvelli
Erindinu vísað til USB-nefndar.
- Ráðstöfun íbúðarinnar að Vesturvegi 4a til útleigu
Samþykkt að íbúðin að Vesturvegi 4a verði leigð Oddnýju S. Kristjánsdóttur og fjölskyldu.
- Menntamálaráðuneytið – Menntaþing 12.09.08
Samþykkt að senda skólastjóra grunnskólanna á menntaþingið, en leggja áherslu á að fulltrúi fræðslu- og menningarnefndar, auk sveitarstjóra og skólastjóra grunn- og leikskóla Langanesbyggðar, sæki kynningarfundum um málið sem efnt verður til í vetur í samvinnu landshlutasamtaka sveitarfélaga og Menntamálaráðuneytis.

5. Nefndir og ráð á vegum Langanesbyggðar

- *Fram kom tillaga um að í stað Óskars Óskarssonar sem varamanns í byggðaráði komi Sigurður Jóhannes Jónsson, M-lista, í stað Sigurjóns Jóseps Friðrikssonar sem varamanns í atvinnumálanefnd komi Björgvin Axel Gunnarsson, K-lista, og í stað Jónasar Sigurðar Jóhannssonar aðalmanns í hafnarnefnd komi Agnar Jónsson, M-lista. Formaður í hafnarnefnd skipaður Aðalbjörn Arnarsson.*

6. Staða verkefna

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu atvinnuþróunarverkefna, framkvæmda og þróunarverkefna auk þess að svara fyrirspurnum. Eftir nokkrar umræður var samþykkt að fela sveitarstjóra að leita eftir tilboðum í endurnýjun sorpgáma á svæðinu. Einnig var ákveðið stefna að vinnufundi hreppsnefndar um þjónustumiðstöð sem fyrst.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:05